

Siðareglur

Siðmenntar

Siðareglur fyrir starfsfólk og
sjálfboðaliða Siðmenntar



Siðmennt

Samþykkt af stjórn
Siðmenntar þann
11. janúar 2021

Siðareglur Siðmenntar

Starfsemi Siðmenntar er af siðrænum toga og fulltrúar félagsins, út á við og inn á við, eiga að sýna af sér háttsemi sem er til fyrirmyndar. Siðareglur þessar gilda um allt starfsfólk Siðmenntar, stjórnarfólk, meðlimi ráða og nefnda, athafnarstjóra, leiðbeinendur í fermingarfræðslu, tilvistarráðgjafa og aðra fulltrúa sem starfa í umboði og nafni Siðmenntar, hvort heldur er sem sjálfboðaliðar, verktakar eða launað starfsfólk, og nefnast þau hér eftir einu nafni: *Fulltrúar Siðmenntar*. Gerist fulltrúi Siðmenntar brotlegur við reglurnar er heimilt að vísa honum úr starfi, tímabundið eða að fullu.

Húmanískt hugarfar

1. Fulltrúar Siðmenntar skulu hafa húmanísk gildi í heiðri í hvert sinn sem þeir koma fram fyrir hönd félagsins. Koma skal fram af umhyggju, heiðarleika og virðingu gagnvart öllum þeim sem starfað er með eða fyrir.
2. Fulltrúar Siðmenntar skulu ávallt leitast til við að gegna störfum sínum af heilindum, samviskusemi og nærgætni, og sýna fagmennsku og ábyrgð í hvívetna. Öllu starfi skal sinna með hagsmuni félagsins að leiðarljósi, þannig að staðinn sé vörður um markmið þess og heiður.
3. Fulltrúum Siðmenntar ber að koma fram við skjólstæðinga og þjónustuþega af virðingu, óháð persónulegum skoðunum þeirra, lífsskoðunum, kynþætti, kynferði, kynhneigð, kynvitund, fötlun, þjóðfélagsstöðu eða öðrum persónueinkennum. Fulltrúum Siðmenntar ber ekki þar með að virða allar skoðanir skjólstæðinga og þjónustuþega sem slíkar, heldur að láta þær ekki hafa áhrif á mannvirðingu sína og faglega framkomu.

Samskipti og hæfni

4. Fulltrúar Siðmenntar skulu leitast við að skapa jákvætt andrúmsloft gagnkvæmrar virðingar í starfi. Gæta skal hófs og sanngirni í ummælum um hvert annað eða um aðra.
5. Fulltrúar Siðmenntar skulu ekki misnota stöðu sína á neinn hátt, þar með talið andlega eða kynferðislega, þegar kemur að samskiptum við þjónustuþega, skjólstæðinga eða aðra fulltrúa Siðmenntar. Fulltrúar Siðmenntar skulu aldrei stofna til óviðeigandi sambands við börn og ungmenni sem eru þátttakendur í starfi. Ótilhlýðilegt er að athafnarstjóri stofni til kynferðislegs sambands við skjólstæðing eða þjónustuþega á meðan á undirbúningi athafnar stendur eða í beinu framhaldi þar af.
6. Kynferðisleg áreitni, einelti eða annað ofbeldi er ekki liðið.
7. Allt starfsfólk Siðmenntar, hvort heldur er starfsfólk á launaskrá eða verktakar, skal hæft til starfa sinna og, eftir atvikum, hafa hlotið þjálfun til þeirra starfa sem það gegnir. Fulltrúar Siðmenntar skulu ekki fara yfir mörk þeirrar þjálfunar og menntunar sem þeir hafa aflað sér, svo sem varðandi tegund athafnar eða eðli tilvistarráðgjafar. Sérstök aðgát skal höfð við að virða mörk tilvistarráðgjafar og sálrænnar meðferðar.
8. Fulltrúar Siðmenntar sem starfa með börnum og ungmönnum (s.s. í fermingarfræðslu) skulu veita samþykki fyrir öflun upplýsinga úr sakaskrá, sbr. 3. mgr. 10. gr. æskulýðslaga nr. 70/2007.

Persónuvernd og trúnaður

9. Fulltrúar Siðmenntar skulu gæta fyllsta trúnaðar og þagmælsku um allt það sem þeir fá vitneskju um í störfum sínum og ber að fara með sem trúnaðarmál. Þagnarskylda á þó aldrei við þegar atvik kunna að falla undir ákvæði IV. kafla barnaverndarlaga nr. 80/2002.
10. Fulltrúum Siðmenntar er ekki heimilt að nota trúnaðarupplýsingar sem þeir öðlast vegna starfa sinna sér til framdráttar.
11. Fulltrúar Siðmenntar skulu leita leyfis til birtingar persónugreinanlegra mynda og annarra upplýsinga sem varða persónuvernd. Þá skal sérstök aðgát höfð þegar um er að ræða börn og ungmenni. Virða skal friðhelgi þeirra og rétt til einkalífs.
12. Leiti fjölmiðlar til fulltrúa Siðmenntar skal gæta fyllsta trúnaðar við skjólstæðinga, þjónustuþega, samstarfsfólk og aðila í viðkvæmum málum í vinnslu innan félagsins.

13. Hver sá sem á í samskiptum við fjölmiðla skal sýna heiðarleika og gagnsæ vinnubrögð án þess að ljóstra upp trúnaðarupplýsingum. Lögð er áhersla á að veita eins réttar og nákvæmar upplýsingar og unnt er. Ekki skal fullyrða meira en vitneskja gefur tilefni til hverju sinni og viðurkenna þegar þekking er takmörkuð og afla þá frekari upplýsinga eða vísa fyrirspurnum annað.

Rekstur og stjórnýsla

14. Allt starf skal unnið á opinn, upplýstan, gagnsæjan og lýðræðislegan hátt. Ávallt skal veita faglegar og réttar upplýsingar.
15. Fulltrúar Siðmenntar skulu ávallt fara vel með fjármuni og önnur verðmæti félagsins sem þeim er trúað fyrir eða þeir hafa til umráða vegna starfs síns. Við ráðstöfun þeirra skal hafa hagsmuni félagsins að leiðarljósi. Aldrei er heimilt að skuldbinda félagið umfram samþykktir. Fjármuni og eigur skal aldrei nota nema í þágu félagsins eða í verkefnum sem samræmast stefnu þess.
16. Upplýsingar um tekjur og ráðstöfun þeirra skal setja fram á einfaldan og skýran hátt og skulu upplýsingar vera aðgengilegar félagsmönnum. Allar færslur fjármuna skulu skráðar með viðeigandi hætti og vera tækar til endurskoðunar.
17. Við ráðningu fastastarfsfólks skal fara fram formlegt, vandað ráðningarferli. Við allar ráðningar skal gæta sérstaklega að tilvikum þegar um er að ræða skyld- eða venslafólk. Komi upp slík staða skal viðkomandi starfsmaður víkja ráðningu til yfirmanns eða annars hæfs starfsmanns.
18. Fulltrúar Siðmenntar skulu í hvívetna fylgja verklagsreglum um starf þeirra, svo sem gæðaviðmiðum, verklagsreglum um góða starfshætti athafnarstjóra og öðrum verklagsreglum sem stjórn setur um starfsemina hverju sinni.

Siðareglur þessar fyrir fulltrúa Siðmenntar eru til viðmiðunar og koma ekki staðinn fyrir beitingu góðrar dómgreindar og samvinnu ábyrgra aðila innan félagsins komi upp vandamál eða ágreiningsefni. Ef grunur leikur á að fulltrúi félagsins hafi brotið siðareglur þessar skal það tilkynnt til gæðateymis félagsins.



Siõmennt